

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit

650 LAUGAR

Garðabær, 30. október 2023

Málsnúmer: 202309-0036

LA

**Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag minjasvæðis á Hofsstöðum**

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 25. september 2023, þar sem Sveitarfélag Þingeyjarsveitar óskar eftir umsögn um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag um minjasvæðið á Hofsstöðum. Skipulagssvæðið er á verndarsvæði laga um verndun Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Á þessu stigi skipulagsins hefur ekki verið skilgreindur byggingarreitur fyrir þjónustuaðstöðu, né aðkoma að svæðinu, s.s. bílastæði og stígakerfi.

Vegna sérstöðu svæðisins er mikilvægt að vanda vel til verka er varðar skipulag og takmarka ætti skógrækt innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

